

## 66. fundur

Fræðslunefnd hélt fund mánudaginn 5. September 2005 kl. 17:00 í Ráðhúsinu. Mætt voru Björn Sverrisson, Katrín Pálsdóttir, Katrín Gísladóttir, Ingveldur Eypórsdóttir og Anna S. Guðmundsdóttir, varafultrúi úr fræðslunefnd, Gunnar Svanlaugsson, skólastjóri, Unnur Breiðfjörð og Sólbjört S. Gestsdóttir fulltrúar starfsfólks, Bogdís Hermannsdóttir, fulltrúi foreldra í grunnskóla, Erla Friðriksdóttir, bæjarstjóri og Íris Huld Sigurbjörnsdóttir, fundarritari. Sigrún Þórsteinsdóttir, skólastjóri leikskóla boðaði forföll vegna veikinda.

### Skýrslur skólastjóra

1. Gunnar flutti skýrslu um starfið í grunnskólanum. Skólastjóri dreifði yfirliti um það sem er á dagskrá í skólanum um þessar mundir. Skólastjóri fór yfir skóladagatal skólaársins 2005/2006 og skýrði helstu atriði, dagatalið er hefðbundið og áfram unnið eftir þriggja anna kerfi. Fór skólastjóri yfir tímasetningar og skipulag starfsdaga skólaársins. Nemendadagar eru 180 skv. skóladagatali. Skýrði einnig vetrarfrídaga í kringum páska.

Formaður ræddi samvinnu við leikskóla varðandi starfsdaga. Skólastjóri skýrði frá því hvernig því er háttað.

Skólastjóri lagði fram yfirlit yfir breytingar á starfsmannamálum við grunnskóla frá síðasta skólaári. Fór einnig yfir fyrirkomulag danskennslu, söng og leiklistar.

Skólamáltíðir í grunnskólanum.

Skólastjóri gerði grein fyrir því að mötuneytið fer vel af stað í grunnskólanum og eru bæði nemendur og starfsfólk ánægð.

Fyrirspurn kom fram um hve margir nýta sér mötuneytið. Skólastjóri svaraði því til að um 90% nemenda nýti sér mötuneytið og sér hann fram á frekari fjölgun.

Námsver.

Skólastjóri greindi frá hugmyndum um einstaklingsmiðað nám og fyrirkomulagi námsvers sem fer af stað nú á haustönn.

Práðlaust net er nú komið bæði á Borgarbraut og Skólastíg og geta því nemendur 9. og 10. bekkjar komið með sínar fartölvur í skólann og notað þær ásamt því að starfsfólk getur nýtt sínar eigin fartölvur í skólanum.

Stundvísi-fjölnotaútgáfa. Á næstu vikum verður foreldrum veittur aðgangur að fjölnotaútgáfu Stundvísi þar sem foreldrar geta beint fylgst með framvindu sinna barna í skólanum.

Verið er að fara af stað með flokkun á pappír og úrgangi, moltutunnur o.fl. Nemendur með sérþarfir munu m.a. koma að þessari vinnu í skólanum. Þetta verður kynnt nánar á næsta fundi fræðslunefndar. Formaður gaf að þessu loknu orðið laust.

Formaður spurði út í Stundvísi, hvort foreldrafundum komi til með að fækka með tilkomu þess. Skólastjóri greindi frá því á hvaða hátt þetta getur nýst foreldrum og nemendum.

Fyrirspurn kom fram um vefsíðuna [www.stykk.is](http://www.stykk.is) m.a. hve bekkjarsíður þar eru mismunandi. Skólastjóri greindi frá því hvað er í spilunum þar og verður það kynnt nánar síðar.

Einnig rætt um sameiginlegir foreldrafundi í upphafi skólaárs, hvað það er gott fyrir heildina að foreldrarinn hittist oft en einu sinni yfir veturinn og ræði ýmislegt sem kemur að nemendum, félagslegu hliðina o.fl.

Fyrirspurn kom fram um Olweus verkefnið. Skólastjóri skýrði frá því hver staða þess er og verður það kynnt nánar. Elín Kristinsdóttir stýrir því áfram.

2. Önnur mál.

- 2.1. Samráðshópur vegna húsnæðismála grunn- og tónlistarskóla. Skólastjóri lýsti ánægju sinni með hvernig vinna þessarar stefnumörkunarnefndar fer af stað.

Fundi slitið kl. 18:55

Íris Huld Sigurbjörnsdóttir, fundarritari.